

Fundur í Háskólaráði

Dags. 1.9.2020

Staður og tími: Glanni kl. 13.00 málsnúmer: 2008013

Fulltrúar HB: Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Margrét Vagnsdóttir, Arney Einarsdóttir og Sævar Finnbogason. Helga Kristín Auðunsdóttir (Teams)

Fulltrúar nemenda: Leifur Finnbogason, Bjarni Heiðar Halldórsson, Hafdís Jóhannsdóttir og Erna Guðrún Kaaber (Teams).

Áheyrnaraðilar: Hafsteinn Sæmundsson, Vignir Már Sigurjónsson, Stefán V. Kalmansson og Njörður Sigurjónsson.

Fjarverandi:

Margrét býður fundarmenn velkomna og kynnir Njörð inn sem staðgengil rektors.

Dagskrá:

1. Fundarmenn kynna sig.
2. Farið yfir hlutverk háskólaráðs
 - a. SVK fer yfir hlutverk Háskólaráðs og vísar í reglugerð skólans 5. Gr. Háskólaráð er fyrst og fremst samráðsvettvangur þar sem mál eru lögð inn til kynningar.
3. Upphaf skólaárs – 401 nýnemi að hefja nám sem er metfjöldi og farið yfir innritanir í nám hverrar deildar og hvers skólastigs. Skiptingin er eftirfarandi

Félagsvísinda- og lagadeild

Grunnnám - 91 Meistaránám -32

Viðskiptadeild

Grunnnám – 114 Meistaránám 126

Opið nám

Grunnnám 2 Meistaránám – 8

Háskólagátt

Alls 40

4. Covid – vinnuhelgar
 - a. Vinnuhelgar verða á staðnum og verður streymt. Nemendur komu fram með athugasemdir um hversu seint dagskrá er að berast en vegna aðstæðna var erfitt að standa við þá reglu að senda út dagskrá 15 dögum fyrir vinnuhelgi.
5. Jafnréttisstefna og prófareglur kynntar.



- a. SVK fór yfir jafnréttisstefnuna og að skólinn hefur verið jafnlaunavottaður. Stefnan hefur verið dýpkuð og jafnréttisstofnun hefur samþykkt stefnuna.
 - b. HLP kynnti breytingar á prófareglum sem snúa helst að því að nú verði prófmöguleikarnir tveir og nemendur geta valið á milli próftíma en ekki verði um sjúkrapróf að ræða. Einnig kemur inn bráðabirgðaákvæði sem heimili skólanum að breyta prófareglum með skömmum fyrirvara ef upp koma aðstæður líkt og Covid 19 bar með sér.
6. Gæðamál. Undirbúningur fyrir gæðaúttekt, samvinna nemenda, kennara og starfsfólks – kynning á skólanum.
- a. SVK fór yfir stöðu á gæðaúttekt. Nefndin mun ekki koma á svæðið heldur verður ferlið allt í gegnum Teams. Ákveðið að taka upp efni af hefðbundnum vinnuaðstæðum nemenda og kennara til að senda til úttektanefndar. Skólinn stýrir tveggja tíma fundi með úttektarnefnd þar sem komið verður á framfæri því sem skólinn telur mikilvægast. Fundir verða með mismunandi hópum starfsfólks, nemenda og kennara sem nefndin stýrir og velur þau viðfangsefni sem þau vilja spyrja frekar út í.
7. Fjármál
- a. Hafsteinn fór yfir háls árs uppgjör
 - i. Tekjur eru í kringum væntingar en Símenntun er heldur undir áætlun
 - ii. Launakostnaður er heldur hærri en gert var ráð fyrir sem skýrist meðal annars af því að skólinn tók þátt í átakverkefni stjórnvalda og réð til sín 12 sumarstarfsmenn sem komnir eru að ¼ inn í launauppgjörið.
 - iii. Uppgjör vegna sumaráfanga á eftir að koma inn sem einnig var hluti af átakverkefni stjórnvalda í kjölfar Covid 19
 - iv. Afskriftir eru heldur lægri en gert var ráð fyrir
 - v. Niðurstaðan er heldur lægri en gert var ráð fyrir en einnig er gert ráð fyrir að það verði að hluta búið að leiðréttast í 9 mánaða uppgjöri
8. Undirbúningur á master of disaster
- a. Búið að mynda hóp sem mun bera ábyrgð á náminu en það verður unnið í samstarfi við öflugt teymi ýmissa hagsmunaaðila
9. Hótelíð – vinnuhelgar
- a. Búið að fá forsetasalinn til að kenna á vinnuhelgum og skólinn fær full afnot af svæðinu aftur.
10. Byggðamál – fundur með forstjóra Byggðastofnunar og aðila ráðuneytis
- a. Verkefnið 101 Borgarfjörður sem snýr að því að fjölga nemendum sem búa á svæðinu sem og öðrum sem hér vilja búa. Einnig er stefnan að fjölga atvinnutækifærum og uppbyggingu almennt á svæðinu og styrkja svæðið í heild sinni
11. Hollvínafélagið – fundur
- a. Gissur Pétursson hefur tekið við formennsku hollvínafélagsins. Stefnt að því að auka samskipti við útskrifaða Bifrestinga. Það er einnig stór þáttur þegar kemur að gæðamálum skólans en hluti af þeim er að fylgja eftir afdrifum nemenda úr skólanum.
 - b. Miklar umræður um málefni hollvínasamtakanna. Fulltrúar nemenda vonuðust eftir aukinni virkni þeirra og að nemendur gætu tilheyrt þessum hópi að lokinni útskrift. Einnig var talin þörf á að tengja betur Bifrestinga sem eru starfandi víðsvegar í atvinnulífinu við nemendur. Rætt um að skoða kerfi sem gæti haldið betur utan um útskrifaða nemendur skólans sem gæti einnig gert þeim kleyft að halda sambandi sín á milli.



12. Samhópurinn

- a. Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvalda sem eru að vinna að menntunarmálum atvinnulausra. Mikið liggur á að mennta útlendinga. Búið að sækja um leyfi til ráðuneytisins til að veita stúdentspróf til nemenda með íslensku sem annað mál.

13. Samtök fjarkennsluháskóla í Evrópu – möguleg aðild EADTU – alþjóðleg verkefni

- a. Sótt hefur verið um aðild að félaginu.

14. Önnur mál

- a. Teams fundir með nemendum. Ábending um að hádegisfundir henti ekki nemendum og að fundirnir verði að vera að loknum vinnudegi.
- b. Kosningar í nemendaráð eru á næstunni. Búið er að gera samning við ýmsa aðila í atvinnulífinu og fleiri. Nemendafélagið verður með Instagram leik þar sem nemendur eiga að fanga nemendafélags andann
- c. Nemendafélagið vill nýta Vikrafellið betur og koma meiri starfsemi þar fyrir t.d. er hugmynd um að hafa súpu einu sinni í viku
- d. Stjórn nemendafélagsins fær fría gistingu á staðnum þegar vinnuhelgar eru.
- e. Verðskrá nemendagarða hér eða í Reykjavík ekki nægjanlegur að mati nemendafélagsins
 - i. Háskólinn á Bifröst þarf að eiga í samtali við Húsnæðis og mannvirkjasvið ríkissins sem gerir athugasemd við það ef verð eru ekki í takt við markaðsverð (HS).
- f. Fyrirspurn um ræktina en vonir standa til að hægt verði að opna, það strandar á því að við erum ekki með starfsmann sérstaklega til þess að þrifa á milli aðila
- g. Ábending frá nemendafélaginu - Vinnuhelgar eiga að snúast um eitthvað annað en fyrirlestra. Rektor þakkar ábendinguna og lofar að koma henni til skila.
- h. Umræður um streymi, Teams og upptökur á vinnuhelgum.
- i. Umræða um skyldumæting á vinnuhelgar

Fundi slitið kl. 14.52

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir